

Blönduósþær
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduósi



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 24. júní 2015
UST201505-191/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Sölvabakki – Blönduós. Urðunarstaður og efnistaka. Umsögn

Vísað er til bréfs Blönduósþæjar dags. 26. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Um er að ræða deiliskipulagstillögu sem var ekki afgreidd árið 2011. Um sömu tillögu er nú að ræða nema hvað snertir stærð byggingareita vegna þjónustubygginga og vélaskemmu sem ráðgert er að reis við urðunarstaðinn.

Fyrirhugað er að urða allt að 21.000 tonn af úrgangi árlega, en að líklegast er talið að urðunarmagn verði um 11.000 tonn á ári. Samhliða urðun er fyrirhugað að nýta malarefni sem til fellur og gæti það magn numið frá 600.000 m³ að 1.200.000 m³ á 30 ára tímabili.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er lítt gróinn melur sem hefur verið nýttur að hluta til beitar. Talið er að unnt verði að grafa allt að 20 m djúpar gryfjur í melinn. Við frágang verður þess gætt að móta land með svipuðu lagi og nú er að því undanskildu að land verður um 1. m lægri en nú er.


Umhverfisstofnun telur að umrætt svæði henti að mörgu leyti vel til þeirrar starfsemi sem þarna er fyrirhuguð. Jákvætt er að nýta eins og kostur er það efni sem aflögu verður við urðunina.


Umhverfisstofnun vill benda á að sækja þarf um starfsleyfi til stofnunarinnar í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og reglugerð um urðun nr. 738/2003.

Fram kemur í greinargerð að í stafsleyfi verði fjallað nánar um aðgerðir vegna gasmyndunar og hvernig staðið verði að hreinsun sigvatns.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur